



Sjúkraliðafélag Íslands

Alþingi

Erindi nr. 120/1438
16/4
komudagur 12/4 1996

Reykjavík 12. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri
v/Templarasund,
150 - Reykjavík.

Framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands hefur mótttekið frumvarp til breytinga á lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372 mál, heildarlög.

Stjórn félagsins hefur farið ítarlega yfir frumvarpið og telur það í megiatriðum vera afturhvarf frá gildandi lögum og nánast í engu til bóta fyrir þá starfsmenn sem löginn taka til.

Í árána rás hafa verið sniðnir af gildandi lögum ýmsir agnúar sem ekki höfðu þolað tímans tönn. Breytingar á lögnum "Um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins" hafa náðst fram í samningum með vísan til 36. gr. laganna eða á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og fyrir dómstólum.

Greinargerð er tvískipt, í fyrrihluta eru tekin fyrir gildandi lög og þær breytingar sem samið hefur verið um í kjarasamningum opinberra starfsmanna eða breytt fyrir dómstólum. Í síðarihluta greinargerðar félagsins er farið nokkuð nákvæmleg ofan í frumvarp fjármálaráðherra og það skoðað með örlítið gagrýnna hugarfari.

I. kafli.

Tilhliðranir eða breytingar frá gildandi lögum:

2. gr. Um veitingu starfa.

- Í stað þess að meginreglan sé að viðkomandi ráðherra hafi með ráðningu ríkisstarfsmanna að gera, er það nánast undantekning að starfsfólk sé ekki ráðið að viðkomandi stofnun án afskipta ráðherra.

Ráðningarform.

- Með dómi Hæstaréttar í desember 1974, um heimild fyrir ríkið að ráða starfsmenn á ráðningasamningi með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsaganarfresti varð bylting hvað varðaði ráðningarformið. Eftir dómin er það nánast undantekning en ekki regla. að starfsmenn séu skipaðir en ekki ráðnir með tilteknum uppsaganarfresti.

5. gr. Um auglýsingar.

- Í framkvæm er það undantekning en ekki regla, að störf hjá ríkissfyrirtækjum séu auglýst, þá oftast án þess að stofnunarinnar sé getið.

7. - 13. gr. Um lausn úr starfi.

- Megin þorri uppsagna úr starfi hjá ríkinu er með vísun til ákvæða í ráðningasamningi. Texti ráðningsamninga fjármálaráðuneytisins og stofnanna eins og Ríkisspítalanna er samin með samkomulagi við fulltrúa BSRB og annarra samtaka opinberrastarfsmanna.

16. gr. Um orlof.

- Ákvæði greinarinnar er úrelt. Fjármálaráðherra hefur ítrekað undirritað samninga við samtök- og einstök aðildarfélag opinberrastarfsmanna um önnur og betri kjör en greinin gerir ráð fyrir sem er hluti af kjarasamningum.

17. gr. Um launagreiðslur í veikindaförföllum.

- Samið hefur verið við fjármálaráðuneytið um réttindi “fastaráðinna” starfamanna í veikindaförföllum. Ennfremur um starfsmenn í skammtímaráðningu og um heimild fyrir starfsmenn til fjarvistar á launum vegna veikinda barna. Á grundvelli tilvísaðra samninga hefur fjármálaráðherra síðar gefið út reglur, reglugerðir um efnið, eða lögum breytt og viðkomandi ákvæði eða bókanir með kjarasamningum fallið niður.

Um fæðingarorlof.

- Ríkið hefur í nánast öllum tilvikum að einu undanteknu verið undanfari í að bæta og móta reglur um fæðingarorlof fyrir starfsfólk sitt. Í öllum tilvikum hefur það verið gert fyrir þrýsting frá samtökum opinberra starfsmanna og gegnið frá breytingum með samkomulagi.

18. gr. Um launagreiðslur og hlunnindi.

- Greinin á sér ekki lengur stoð í raunveruleikanum. Öll starfskjör sem ekki hafa verið mótuð eða ákveðin í samráði við launþega með reglum, reglugerðum eða lögum eru ákveðin í kjarasamningum samtaka launþega við atvinnurekendur. Undantekning frá þessari reglu eru einstaklingar í svo nefndri “Ráðherraröðun” um starfskjör þeirra fer eigi að síður eftir kjarasamningi þess stéttarfélags sem hann ella ætti að tilheyra.

19. gr. Um laun.

- Laun eru ekki ákveðin lengur skv. lögum. Um laun gilda ákvæði kjarasamninga aðila sem gerðir eru á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

20. gr. Fyrirfram greiðsla launa.

- Þrátt fyrir ákvæði lagann er það alls ekki einhlytt að laun séu greidd fyrir fram. Til dæmis er stór hluti starfsmanna Ríkisspítalanna á eftir á launum, að eigin ósk. Auk þess má á það benda að starfsmenn eiga inn laun fyrir álagsgreiðslur og yfirvinnu í allt að sex vikur.

25. gr. Um heimild fyrir konur að vinna í hlutavinnu hjá ríkinu.

- Greinin olli aldarhvörfum er hún var sett í lög. Á grundvelli hennar starfa nú konur við heilbrigðisþjónustu í miklum meirhluta í hlutastörfum. Fram til þess tíma þótti ekki við hæfi að ráða starfsmann í hlutastarf.

27. gr. Um greiðslu fyrir störf utan daglegs vinnu tíma.

- Ráðherra ákveður ekki lengur laun fyrir tilgreind störf, að því undanskyldu að laun fyrir nefndarstörf, eru ákveðin af starfsnefnd í umboði ráðherra.

31. gr. Um skyldu starfsmanna til að gegna yfirvinnuskyldur.

- Frumvarpið gerir ráð fyrir að yfirvinnuskyldan sé minnkuð úr 1/3 af vikulegri vinnuskyldur í 1/5. Eðlilegast væri að fella ákvæðið úr lögum með vísan til ábyrgðar starfsmanna samvirkusemi og hlýðniskildu þeirra sem gegna nauðsynlegustu öryggis og heilbrigðisþjónustu.

33. gr. Um breytingar á verkum og verkahring.

- Samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra er gert ráð fyrir að laun viðkomandi starfsmanns lækki að liðnum þrem mánuðum ef hann er færður í lakar launað starf. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að viðkomandi verði að sætta sig við flutninginn, enda hafi hann ekki áhrif til skerðingar á starfskjörum eða launum starfsmanns.

II. kafli.

Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Umsögn framkvæmdastjórnar SLFÍ, um frumvarp fjármálaráðherra til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og um þær breytingar sem það mundi valda á réttindum og réttarstöðu þeirra starfsmanna sem löggin taka til.

Gildissvið laganna þrengt.

Fjöldmörg ríkisfyrirtæki eru undanþegin ákvæðum gildandi laga t.d. ríkisverksmiðurnar, ríkisbankarnir þ.m.t. Seðlabankinn, Byggðastofnun og Þjóðhagsstofnun, svo eitthvað sé nefnt. Fullyrðing um að breyting á lögum bæti réttindi tiltekinna hópa ríkisstarfsmanna, er í meira lagi vafasöm. Væntalega er átt við launþega sem njóta réttinda samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaganna innan ASÍ. Í mörgum atriðum er réttindi starfsmanna ríkisins mismunandi og alls ekki einhlítt að þau séu betri hjá “opinberum starfsmönnum,” t.d. varðandi: veikindarétt - sjúkrasjóði - lífeyrirsjóði. Ef það er ásetningur fjármálaráðherra að samræma öll réttindi og kjör starfsmanna sinna með valdi án samninga, má búast við að einhverstaðar eigi eftir að heyrast hljóð úr horni, þar sem þögn ríkir nú.

Auglýsingar að geðþótta stjórnenda.

Gildandi lög um auglýsingu opinberra starfa, hafa verið sniðgengin að geðþótta stjórnenda. Frumvarpið breytir litlu nema síður væri. Í því kemur þó fram fádæma yfirlæti, starfs- og menntahroki, en þar segir “að störf þar sem ekki er krafist tiltekinna sérmenntunar eða sérhæfingar, svo sem minniháttar skrifstofustörf, ræstingarstörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf þurfi ekki að auglýsa sérstaklega.”

Persónusamningar án afskipta stéttarfélaganna

Stjórnendur hafa árum saman komið til móts við kröfu starfsmanna sinna um hærra laun, t.d. með greiðslu fyrir fasta yfirvinnu, tilhliðrun í vinnutíma ofl. Auk þess er í mörgum kjarasamningum heimild fyrir forstöðumenn til að hækka tiltekna starfsmenn, “hafi þeir sýnt sérstaka hæfni í starfi við lausn erfiðra og vandasamra verkefna.” Með frumvarpinu er vald lagt í hendur forstöðumanna til að hækka starfsmenn í launum og með sama hætti vald til að svifta starfsmann umsaminni persónuhækkun, án afskipta stéttarfélagansins.

Í samningum aðildarféлага BSRB voru á tímabili heimildarákvæði fyrir forstöðumenn ríkisstofnana til að hækka starfsmenn í tilteknum launaflokkum. Heimildin var felld niður. Í ljós kom, að forstöðumenn voru ekki allir vandanum vaxnir, sumir:

- notuðu heimildina aldrei, treystu sér ekki til að mismuna starfsfólkinu,
- notuðu heimildina alltaf, töldu allt sitt starfsfólk þess umkomið,
- sem reyndu að breyta samkvæmt bestu vitund og mismuna starfsmönnum og uppskáru óánægju annarra.

Um yfirvinnu forstöðumanna segir efnislega í karasamningum, að þeir skuli eiga rétt á greiðslu, sé yfirvinna nauðsynleg vegna anna í starfi. Skuli semja um mánaðarlega þókun við starfsmann í samráði, við stéttarfélag hans. ***Samkvæmt frumvarpinu er samningsumboðið tekið af stéttarfélögunum og fært í hendur fjármálaráðherra, og/eða forstöðumanns stofnunar.***

Hætta við fyrirfram greiðslu launa

Fyrirfram greiðsla launa, meðan við búum við stöðugt verðlag, hefur tiltölulega lítið að segja. Margir ríkisstarfsmenn nýta sér ekki réttinn, af honum eru viss óþægindi. Viða í einkarekstri eru laun greidd hálfan mánuð fyrirfram og hálfan mánuð eftir á. Rétt er að benda á, að ríkisstarfsmenn eiga allir inni laun fyrir vaktaálag og yfirvinnu í 6 vikur mest og ½ mánuð skemmst og engin áform uppi um að breyta því. Það er því spurning hvor eigi hjá hverjum, fjármálaráðuneytið eða starfsmenn ríkisins?

Veikindaréttur, vandinn leystur til bráðabirgða

Fyrri frumvarp gerði ráð fyrir að starfsmanni skyldi vikið úr starfi fyrir fjarveru vegna veikinda, einn mánuð á ári (20 daga) þrjú ár í röð. Vegna andmæla var gildistöku ákvæðisins frestað til bráðabirgða: ***“Uns laun í veikindaforföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið sbr. 1. mgr. 9. gr.”***

Æviráðning afnumin

Sennilega eru u.þ.b.30 - 40 % ríkisstarfsmanna með skipun í starf. Um er að ræða störf í “efri lögum” stjórnkerfisins. Auk þess þykir nauðsynlegt að skipa í mörg löggæslustörf m.t.t. mikilvægi starfs og trúnaðar og sérákvæða í hegningalögum, sem vísa til ábyrgðar embættismanna. Þessum hópum til viðbótar eru kennarar afgerandi stór hluti skipaðra starfsmanna ríkisins.

Ríkisstarfsmenn hafa aldrei sótt eftir skipun í starf, því hafa ekki fylgt nein forréttindi, mun frekar kvaðir og þyngri viðurlög ef svo ber undir. Hinu má ekki gleyma að í einstaka tilvikum þurfa starfsmenn ríkisins, að njóta meiri ráðningarfestu. Vanhæfa starfsmenn, óstundvísa, drykkfellða eða hyskna hefur ríkið alltaf getað losað sig við. Það hefur mikið frekar verið spurning um hæfni stjórnanda, en ekki vanhæfni starfsmannsins, hvort hann hefur haldið starfi, rekin eða leystur frá starfi.

Brottrekstur án áminningar

Ef það er talið í anda nútíma vinnubragða, að fella niður skyldu stjórnenda til að leiðbeina eða áminna starfsmann fyrir eitthvað sem hann gerði eða gerði ekki í starfi, eru stjórnvöld á rangri leið. Það er enn síður nútímaleg eða mannleg viðhorfa sem birtast í frumvarpinu, að ekki sé gert ráð fyrir að starfsmaður fái að tala máli sínu og skýra viðhorf og sjónarmið, sér til málsbóta. Þá erum við betur komin með gömlu hjúalögin, sem sett voru til varnar hjúum gagnvart óbilgjörnum bændum og

kaupmönngurum á nítjándu öldinni. Þau gerðu þó ráð fyrir að tilteknar siðferðlegar skyldur væru samfara húsbóndavaldinu.

Biðlaunaréttur afnumin

Það er mikil einföldun að halda því fram að biðlaun séu aðeins rýmilegur uppsagnafrestur. Fjölmörg störf ríkisstarfsmanna eru mjög sérhæfð, af þeim sökum hefur ríkið tekið þjónustuna upp á sína arma. Missi ríkisstarfsmaður vinnu t.d. í heilbrigðisþjónustu, lög- eða tollgæslu eða við önnur sérhæfð eftirlitstörf, þarf hann í flestum tilvikum að fara í endurmenntun. Áunnin réttindi tapast við uppsögnina, sem felast m.a. í aðild: að lífeyrissjóði, veikindaréttindum, lengra orlofi, makabótum, lausnarlaunum, starfsaldursbundinni röðun í launaflokka, launaprepi ofl. Allt það sem hér er tilgreint tapast við brotthvarf úr vinnu án annarra bóta, en sem felast í biðlaunum. Í nýju starfi verða starfsmenn að byrja að nýju að þrepa sig upp, en um sumt er ekki að ræða annarsstaðar en hjá ríkinu. Biðlaunarétturinn vex með starfsaldri og er mestur 12 mánaða laun eftir 15 ár, í starfi hjá ríkinu.

Tímabundnar ráðningar forstöðumanna bjóða spillingu heim

Ef ríkið þarf á meira agavaldi að halda gagnvart stjórnendum, bætir frumvarpið lítið, nema hvað ráðningartími þeirra er tímabundinn. Tímabundin ráðning forstöðumanna, hlýtur að gera kröfu til allt annarra kjara. Um leið býður nýja ráðningarformið upp á pólitíska misbeitingu og spillingu. Ráðningavaldið er hjá ráðherra, sem ekki er treystandi að skoða málin hlutlægt. Skipunin átti að vernda menn fyrir pólitískri misbeitingu eða geðþóttaákvörðunum, sem full þörf er fyrir eins og dæmi hafa margsannað.

Vald til að fresta hópuppsögnum í hendur forstjóra

Heimild ráðherra, til að fresta uppsögnum starfsmanna, úr þremur í sex mánuði, hafa ítrekað valdið deilum um forsendur og tíma. Það er full ástæða til að skoða ákvæðið m.t.t. hugmynda um breytingar á lögum um “Stéttarfélög og vinnudeilur.” Breytingum sem gera ráð fyrir aukinni miðstýringu, “til að koma böndum á stéttir eða hópa sem koma einir, í kjölfar annarra með sínar kröfur”. Þetta er misskilningur, fyrirhugaðar breytingar á lögum “um stéttarfélög og vinnudeilur” breyta litlu fyrir þessahópa. Löginn munu, ef þau ná fram að ganga, frekar íta undir uppsagnir. Sérhæfðar og ráðandi stéttir munu beit uppsögnum enn frekar sem sínu vopni í “sinni kjarabaráttu.”

Launamisrétti kynjanna

Við kynningu frumvarpsins er látið sem í þeim séu nýmæli sem valdi aldarhvörfum um bættu stöðu kvenna, í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Í gildandi lögum eru ákvæði um jafnrétti kynja til starfa og sömu launa hjá ríkinu. Lagaákvæði sem voru mjög framsækin 1954, og halda fullu gildi. Þrátt fyrir skýr lög, hefur fjármálaráðherra og forverum hans, gengið illa að fylgja eftir 43 ára gömlum markmiðum laganna, um jafnan rétt karla og kvenna til sömu launa hjá ríkinu, eða ákv. Jafnréttislaganna 28/1991. Nú ætlar fjármálaráðherra upp á sitt eindæmi að leysa vandann um jöfnun launa karla og kvenna með reglum, sem hann ætlar að setja, án samráðs eða afskipta stéttarfélaganna. “Ja, miklir menn erum við Ketill minn.” Orð og einstaklingur, sem koma manni ósjálfrátt í huga.

Jafnréttisákvæði laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var byltignarkennt og hafði mikið félagslegt gildi árið 1954. Þá var tiltöluleg fátítt að konur ynnu utan

heimilis og í þeim tilvikum aðeins í fullri vinnu. Heimild laganna fyrir konur til að vinna utan heimilis í hlutastarfi, gjörbreytti viðhorfum og möguleikum kvenna. Á grundvelli þessa, starfar meirihluti kvenna í heilbrigðisþjónustunni í hlutastörfum.

Þegnskyldu ákvæði um yfirvinnuskyldu

Samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra er gert ráð fyrir að ríkisstarfsmönnum sé skylt að vinna yfirvinnu allt að 1/5 vikulegra vinnuskyldu þ.e. 8 klst. á viku, og eitt skuli ganga yfir alla, án tillits til stéttarféлага. Með því er verið að leggja yfirvinnuskyldu félagsmenn ASÍ, sem ekki var fyrir. Ákvæði greinarinnar vekur spurningu um vinnurétt, “nú tímaleg lög” og mannréttindi í nýrri og breyttri Evrópu.

Makabætur og lausnarlaun falla niður

Frumvarp fjármálaráðherra gerir ráð fyrir að felld verði niður greiðsla makabóta og lausnarlauna. Makabætur eru föst mánaðarlaun látins starfsmanns. Launin eru greidd eftirlifandi maka í þrjá mánuði. Samkvæmt sömu grein laganna, á starfsmaður sama rétt til launa, sem leystur er frá starfi vegna vanheilsu eða slysa sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á.

Á almennum vinnumarkaði eru sambærilegar bætur greiddar ekkjum og ekkjum, ásamt útfarakostnaði úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, ennfremur þeim sem missa starf af heilsufarsástæðum. Félög opinberra starfsmanna hafa ekki aðgang að sjúkrasjóðum og geta því ekki aðstoðað félagsmenn sína á sama hátt. Þetta þriggja mánaða tímabil er hugsað sem yfirgangstími meðan gengið er frá réttindum og greiðslum úr lífeyrissjóði og tryggingum. *Gildistöku greinarinnar er frestað til bráðabirgða.*

Hægt verður að flytja starfsmann í lakar launað starf

Samkvæmt gildandi lögum verður ríkisstarfsmaður að sætta sig við flutning á milli starfa “enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Í frumvarpi fjármálaráðherra er gert ráð fyrir skiptingu starfsmanna, í embættismenn og aðra. Embættismenn halda óbreyttum launum út ráðningartíma sinn við flutning í lakar launað starf, en “aðrir starfsmenn” halda óbreyttum launum í 3 mánuði, þ.e. uppsagnartímann.

Sveigjanlegur vinnutími, gömul vísa illa kveðin

Í frumvarpi fjármálaráðherra er heimild fyrir sveigjanlegum vinnutíma, kynnt sem nýjung og til mikilla framfara. Ákvæði er þessa efnis hefur í mörg ár verið í kjarasamningum og í framkvæmd víða hjá ríkisstofnunum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsmanni sé þá fyrst gerð grein fyrir ráðningarkjörum sínum, þegar hann er *skipaður eða ráðinn til starfa.*

“Sérstök réttindi,” meinfyndin fyrirsögn

Í frumvarpinu er “nýmæli” með fyrirsögninni “Sérstök réttindi” kaldhæðni sem vægast sagt orka tvímælis. Í kaflanum er kveðið á um, að stéttarfélög hafi heimild til að semja við ríkið um laun félagsmanna sinna. Með samþykkt frumvarpsins er augljóslega upphafin forgangsréttarákvæði ASÍ féлага, til tiltekinna starfa hjá ríkinu. Jafnframt heimilar frumvarpið starfsmönnum sem þess óska að standa utan stéttarféлага og í valdi fjármálaráðherra eins, að ákveði þeim laun sem þennan kost velja.

Gildistaka og lagaskil, draga úr upplýsingaskyldu ráðherra


Lagt er til að fella niður lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna ríkisins og húsnæðismálum ríkisstofnana. Með niðurfellingu laganna, fellur niður skylda fjármálaráðherra til að semja árlega skrá yfir ríkisstarfsmenn sem ráðnir eru í hálfu starfi eða meira, með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Um árábil var skráin gefin út og seld gegn vægu verði í bókabúðum. Það skýtur því skökku við, að fjármálaráðherra sem í orði kveðnu vill leggja áherslu á að launakerfi ríkisins og starfskjör starfsmanna sé gagnsæ og aðgengileg, skuli aldrei í stjórnartíð sinni hafa gefið skrárnar út þrátt fyrir lagafyrirmæli. Í stað þess leggur fjármálaráðherra til, að ákvæði í lögum sem tryggja á þingmönnum og öllum almenningi, aðgengi að upplýsingum um launa- og ráðningakjör starfsmanna ríkisins skulu felld úr gildi.

Framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands telur sig með greinargerð sinni, hafa fært fullgild röka og ástæðu til að hafna frumvarpi fjármálaráðherra, til breytinga á lögum nr. 38 /1954 um réttindi og skyldur starfamanna ríkisins.

Félagið krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og fallið verði frá öllum hugmyndum um breytingar á réttindum og skyldum starfsmann ríkisins, án samráðs og samvinnu við samtök þeirra. Þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli og fleirum er varða réttindi og réttarstöðu launþega eru með öllu óviðunandi.

Virðingarfyllt
f.h. framkvæmdastjórnar
Sjúkraliðafélags Íslands.


Kristín A. Guðmundsdóttir, formaður


Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri.